

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹</u>					
Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga nr. 95/2019.	Veittir eru styrkir til náms. Reglulega þarf að kynna þá fyrir starfsfólki. Við auglýsingu starfa er ævinlega auglýst eftir kennurum.	Ekki eiginlegt upphaf eða lok		Leikskólastjóri	Árlega í ágúst/september við gerð launaáætlunar er tekin staða á faghlutfalli skólans.
Bæta þarf viðhald á útileiksvæði.	Breyta þarf lóð svo hún ræsi sig betur og safni ekki vatni í vætutíð. Snyrta þarf trjágróður og laga skakkar hellur. Skipta þarf um gras að hluta á lóð.	Sumar 2021	September 2021	Leikskólastjóri Starfsfólk Þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðarbæjar	Í árlegri eftirlitsskoðun í apríl.
Taka þarf upp einkunnarorð.	Starfsmannahópurinn kemur sér saman um einkunnarorð skólans og þau þarf með áberandi hætti að gera sýnileg og aðgengileg starfsfólki, börnum og foreldrum. Verður hluti af nýrri námskrá sem kemur út mars 2022.	September 2021	Mars 2022	Leikskólastjóri	Endurmetið í febrúar 2022.

¹ Bætið við línunum eftir þörfum.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið II – Stjórnun</u>					
Endurgerð og endurútgáfa skólanámskrár M.a. með tilliti til starfshátta leikskólans, sérfræðiþjónustu, upplýsingum sem flytjast milli skólastiga og innra mati.	Vinna að endurgerð skólanámskrár Hlíðarenda, allt starfsfólk á aðkomu að þeirri vinnu.	Ágúst 2021	Mars 2022	Leikskólastjóri	Námskrá í heild endurskoðuð 2025
Umræða og tenging námskrár við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Allt starfsfólk kemur að þessari vinnu í tengingu við endurgerð skólanámskrár.	Ágúst 2021	Mars 2022	Leikskólastjóri	Mars 2022 Umræður út frá gátlista á deildarfundum.
Starfsáætlun unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og börn.	Breyting á verklagi við gerð starfsáætlunar.	Maí 2021	Júlí 2021	Leikskólastjóri	Maí 2022 Starfsáætlun er unnin árlega
Skrifleg verkaskipting á störfum leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.	Gera skriflega verkaskiptingu og kynna starfsfólki.	Apríl 2021	Maí 2021	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri	Febrúar 2022 Með yfirferð á skráðri verkaskiptingu, breytt og lagað eftir þörfum.
Til sé starfsmannahandbók sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar um leikskólastarfið fyrir starfsfólk.	Útbúa starfsmannahandbók sem inniheldur mikilvægar upplýsingar fyrir nýtt starfsfólk en kemur einnig að notum fyrir eldra starfsfólk. S.s.	Júlí 2021	Febrúar 2022	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri	Febrúar 2023 Unnið út frá nýrri námskrá skólans. Fer í endurskoðun með endurskoðun

	dagskipulag, verklagsreglur, starfslýsingar ofl.				skólanámskrár á 3ja ára fresti.
Skrá og samræma verkferla við móttöku nýs starfsfólks.	Til séu skráðir verkferlar sem lýsa því hvar ábyrgð liggur í móttöku nýrra starfsmanna, hvaða fræðsla er á ábyrgð leikskólastjóra, hvað er á ábyrgð aðstoðarleikskólastjóra og hvað er á ábyrgð deildarstjóra.	Júní 2021	Febrúar 2022	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri Deildarstjórar	Febrúar 2023 Umræður á deildarstjórafundi. Breytt eftir þörfum.
Að fundir stjórnendateymis séu haldnir reglulega.	Þeim hefur verið fundinn nýr tími á fimmtudagsmorgnum sem hentar betur en fyrri tími.	Apríl 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri	Október 2021 Umræður á deildarstjórafundi.
Finna leiðir til að undirbúningstími deildarstjóra falli ekki niður.	Gera breytingar á dagskipulagi til að auðvelda deildarstjórum að fara í undirbúningstíma, jafnvel án þess að inn komi afleysing í staðin.	Mái 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri	Nóvember 2021 Umræður á deildarstjórafundi.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Uppeldis og menntastarf					
Æskilegt að fram fari umræða um skapandi starf, efnivið og búnað listastofu.	Fá fyrirlestur um skapandi starf á skipulagsdag og umræður í kjölfarið um hvað skólinn getur gert betur. Auka aðgengi að fjölbreyttum efniviði til notkunar í listastofu.	Nóvember 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri	Langtímaverkefni Umræður í umbótahópi lista, hreyfingar og tónlistar. Umræður á deildarfundum og starfsmannafundum.
Auka þátttöku barna í ákvörðunum um skipulag skólans og viðfangsefni.	Að hópstjórar geri 1x á önn áætlun um viðfangsefni hópatíma út frá umræðum og væntingum barnanna. Að börnin komi að gerð og endurskoðun nýrra skólareglna árlega.	Október 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri Aðstoðarleikskólastjóri Deildarstjórar	Tekið verði saman á hverri önn hvort allir hópstjórar hafi unnið áætlun. Skólareglur uppfærðar árlega eftir umræður.
Æskilegt að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barna.	Höfum ekki verið með skólareglur, en tökum það upp. Unnið út frá lýðræðislegum umræðum með elsta árgangi.	Nóvember 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri Umsjónaraðili starfs elsta árgangs	Reglur endurskoðaðar og ræddar árlega með nýjum elsta árgangi.
Vísindastarf mætti vera sýnilegra.	Hafa þau tæki og áhöld sem til eru til vísindastarfs aðgengilegri, geymd á sameiginlegu svæði í miðrými skólans. Ábyrgð á vísindastarfi og eftirfylgni með því tengd starfi umbótahópi umhverfismenntar.	September 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri, leiðtogi umhverfismenntar	Umræður í umbótahópi umhverfismenntar í apríl 2022.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl</u>					
Leita leiða til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði til að hægt sé að velja fulltrúa með lýðræðislegum hætti	Óska eftir fulltrúum í foreldraráð á morgun kynningarfundi leikskólastarfsins að hausti.	Október 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri	Nóvember 2021 Umræður stjórnenda um fyrirkomulagið
Foreldraráð setur sér starfsáætlun og vinnureglur og birtir fundargerðir á heimasíðu.	Vera með fyrirbyggjandi fundartíma að hausti fyrir foreldraráð. Fundað verði 2x á önn.	Október 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri	Vor 2022 Umræða foreldraráðs um fjölda funda og innihald þeirra.
Að til sé formlegt ferli um hvaða upplýsingar fylgi börnum á milli skólastiga.	Verður sett fram á skýran hátt í nýrri skólanámskrá.	Ágúst 2021	Nóvember 2021	Leikskólastjóri	Með endurskoðun skólanámskrár 2025
Að hagnýtar upplýsingar á heimasíðu séu á fleiri en einu tungumáli.	Ekki til fjármagn til að standa að slíku svo sómi sé að.				

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið V – Skóli án aðgreiningar					
<ul style="list-style-type: none"> Verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik ættu að vera til skriflegir og aðgenglegir öllu starfsfólki og á heimasíðu skólans. 	Er hluti af þróunarverkefni um málrækt og læsi sem er í vinnslu og verður lokið í nóvember 2021.	Vor 2020	Nóvember 2021	Leikskólastjóri, teymi um málrækt og læsi	Að tveimur árum liðnum, nóvember 2023
<ul style="list-style-type: none"> Halda á teymisfundum fyrir sérkennslubörn reglulega og eftir ákveðnu verklagi. Skýrt hver boðar til þeirra, skráir fundargerðir og heldur utan um þá. 	Koma á reglulegum teymisfundum, að lágmarki 6 fundum yfir veturinn (haldnir á 6-8 vikna fresti) sem varða þau börn sem eru með úthlutaðan sérkennslutíma.	Haust 2021	Á ekki við	Sérkennslustjóri	Tekið fyrir á samráðsteymisfundum að vori 2022.
<ul style="list-style-type: none"> Að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku. 	Er hluti af þróunarverkefni um málrækt og læsi sem er í vinnslu og verður lokið í nóvember 2021.	Vor 2020	Nóvember 2021	Leikskólastjóri, leiðtogi teymi um málrækt og læsi	Haust 2022

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið VI – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Meta stefnu leikskólans og markmið, markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Huga að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra, tryggja að raddir barna heyrist í mati á skólastarfi. 	<p>Breyta fyrirkomulagi á matsáætlun og ársáætlun. Matsáætlun hefur verið hluti af ársáætlun en verður sér skýrsla þar sem bæði kemur fram matsáætlun, aðferðir og niðurstöður mats síðastliðins vetrar.</p> <p>Nota starfsmannafundi og deildarfundi í auknu mæli til að sinna mati á skóla. Útbúa matslista og opnar spurningar til að leggja fyrir eldri barnahópa leikskólans.</p>	Júní 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Við næstu skrif matsáætlunar að sumri 2022.
<ul style="list-style-type: none"> Allir hagsmunaaðilar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats, td með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar. 	Stofna matsteymi skólans sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.	Október 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Maí 2022

<ul style="list-style-type: none"> • Gera ætti nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni mats, hvaða markmið eigi að meta og skilgreind viðmið um árangur. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna ef aflað. • Birta greinargerð um innra mat á heimasíðu leikskólans með upplýsingum um framkvæmd, niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til úrbóta. • Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær. Hvernig endurmat fari fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd. 	<p>Setja á nákvæman hátt upp í matsáætlun/skýrslu skilgreind viðmið um árangur og ábyrgðaraðila. Taka matsáætlun út úr ársáætlun og hafa hana í sérstöku skjali skv. ofangreindri uppsetningu. Unnið jafnt og þétt yfir árið og birt í júní</p>	Júní 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Júní 2022
<ul style="list-style-type: none"> • Nýta ætti viðhorfskannanir sem gerðar eru reglulega í innra mat. 	<p>Kynnt starfsfólki árlega sem vinnur með þann hluta af viðhorfskönnun sem viðkemur þeirra deild. Niðurstöður verða hluti af matsáætlun/skýrslu sem nefnd er hér að ofan</p>	Júní 2021	Á ekki við	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar	Júní 2022